

Skólaráðsfundur 17. janúar 2022
Fjarfundur hófst 14:00

Mættir á fundinn: Guðmundur, Sólveig, Jóhannes, Svanborg, Birgir Gauti, Kristinn Guðný

Dagskrá:

- Framkvæmdir við Traðarreit eystri <https://www.kopavogur.is/is/frettir-tilkynningar/category/1/tradarreit-eystri>
- Fjárhagsáætlun 2022
- Skóladagatal 2022-2023 – drög [[menntaráð 7. des.](#)]: Á fundi menntaráð var tillaga með dagsetningum á skólabyrjun, vetrarfríum og sameiginlegum starfsdögum í leik- og grunnskóla lögð fram og samþykkt einróma: **Menntaráð samþykkir dagsetningar á skólabyrjun, vetrarfríum og sameiginlegum skipulagsdögum fyrir skólaárið 2022 -2023 með öllum greiddum atkvæðum. Menntaráð felur grunnskóladeild að gera könnun meðal foreldra á haustönn 2022 um fyrirkomulag vetrarfría.]**
- Undirbúningsvinna við skólastefnu
- Undirbúningsvinna vegna húsnæðismála
- Undirbúningur fyrir opinn fund skólaráðs (með öllum fyrirvörum vegna stöðunar)

Upphaf fundar spyr Guðmundur um heilsuna í kringum foreldrana, Allt gott þar, Guðmundur fer síðan aðeins yfir ferlið sem við vinnum eftir í sambandi við covid t.d. með rakningarteyminu. 104 nemendur og 18 starfsmenn frá í dag. Sagði einnig frá því að Guðmundur og Guðný væru að vinna til skiptis heima og í vinnunni.

Framkvæmdir við Traðarreit.

Guðmundur deilir með okkur skjali um vinnuna við Traðarreit og segir þeim frá því að við vorum á fundi með Heimir Bjarkasyni í morgun um Traðarreitinn. Farið var yfir öryggisatriðin við þá vinnu. Á Skólatróð koma vinnuskúrar og bárujárn veggur meðfram skólalóðinni. Þegar búið er að loka þetta allt af þá verður farið í það að rífa niður húsinn. Þessu verður flokkað þar og set í gáma og flutt þannig í burtu. Þannig verður lágmarks umferð um svæðið. Jarðvinnan byrjar svo í lok mars. Heimir talaði um á fundinum í morgun að það yrði leiðinlegur tími. Guðmundur óskaði eftir því að fá upplýsingar til að senda heim til foreldra. Gatnadeild Kópavogs sér svo um lokanir.

Svanborg spyr hvort að þetta hindri okkur að bílastæði norðan megin við skólann? Svárið var að þetta hefði engin áhrif á það en við yrðum að koma að skólanum frá Álfhólsveg. Verkinu á að ljúka um mitt ár 2025.

Sólveig segir að þurfi að leggja áherslu á að gönguleiðir séu vel merktar til að allir séu öruggir.

Fjárhagsáætlun 2022.

Guðmundur setur upp fjárhagsáætlun fyrir 2022. áætlun segir að 840 milljónir. Guðmundur talar um að peningar sem eru áætlaðir á skólann sé allt fyrirfram ákveðið, lítið sem skólinn getur ráðstafað sjálfur.

Sólveig spyr um kostnað við sálfræðing og hvort að hún hafi hækkað. Guðmundur fer í gegnum það að þetta séu upphæðir sem eru settar inn og teknar út einnig fyrir talmeinafræðinginn.

Sólveig spyr um laun vegna kórstarfa? Guðmundur talar um að þessi peningur sé nýttur í önnur félagsstörf.

Skóladagatal 2022 - 2023

Guðmundur birti drög að skóladagatali fyrir skólaárið 2022 - 2023. Formaður skólastjórafélagsins fékk það hlutverk að setja inn vetrarleyfis dagana. Þetta er ekki samþykkt dagatal og á meðal annars eftir að leggja þetta fyrir kennarafund. Við erum með hugmynd um að fara í náms- og kynnisferð í haust og eru því tveir undirbúningsdagar til að ná því. Jóhannes talar um hvað foreldrar væru glaðir ef vetrarleyfi væri í viku. Guðmundur segir frá að það sé ferðanefnd í gangi sem er að skoða þetta. Þessi ferð er hugsuð fyrir alla

starfsmenn. Guðmundur talar um að það sé komin hefð fyrir svona uppsetningu á starfsdögum þannig að þetta ætti að vera samþykkt.

Vinna við skólafestu.

Guðmundur og Agnes eru búin að funda einu sinni. Þau vonast til þess að geta sett niður pælingar sem hann myndi síðan deila með okkar. Hugmynd um að hafa foreldra, starfsmenn og nemendur saman í þeirri vinnu sem Agnes myndi stýra.

Húsnæðismálin

Það er búið að gera smá greinargerð fyrir Frístund og Dóri er að klára greinargerð fyrir Kjarnann. Reynum að hittast öðru hvoru megin við helgina. og í framhaldi þarf að funda með bænum.

Opin fundur skólaárs.

Hann hefur fallið niður síðustu tvö árin en var reyndar á netinu síðasta vetur. Hvað finnst fundarmönnum um hvað við þurfum að gera. Svanborg talar um að við þurfum að setja eitthvað æsilegt á dagskrá til að fá fólk mæti. Guðmundur talar um að það sem er að gerast í kringum skólann sé nú svolítið stórt.

Jóhannes spyr Kristinn um hvað það væri sem hann teldi að væri gott umræðuefni á fundinn. Kristinn talaði um að gott væri að tala saman um uppeldi barna. Svanborg segir að það sé mikil breyting á greiningum nemenda. Guðmundur segir frá því að Guðný sé að vinna með hópi á Menntasviði um mætingar nemenda.

Sólveig ræðir um að það sé góð hugmynd að ræða saman eins og Kristinn talaði um.

Guðmundur spyr Birgir um hvort að hann verði mikið var við kvíða hjá samnemendum? Hann verður lítið var við það. og talar um að nemendur á unglingastigi hafi ekki náð að fara á Samfés (engin þeirra vegna covid). Guðmundur talar um að Kármessskóli hafi verið með flottan fund með sálfræðing sem gekk vel. Guðmundur talar um að skoða þessa hugmynd og vinna hana áfram.

Engin fleiri umræðuefni voru á dagskrá

Fundi slitið 14:39